

Fundargerð 517

Föstudaginn 16. desember 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Jónína B. Óskarsdóttir (JBÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Óli Halldórsson (ÓH). Auk þeirra sátu fundinn; Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Hanna Dóra Björnsdóttir (HDB) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrunn Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárlið 7), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 7), Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir (SKÞ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárið 8), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs Þóroddur Bjarnason (ÞB) prófessor við Háskólann á Akureyri (við dagskrárlið 9) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð. Stjórnarmenn utan formanns tengdust fundinum í gegnum fjarfundarbúnað en formaður og starfsfólk Byggðastofnunar var á skrifstofu Byggðastofnunar.

Formaður setti fund kl. 10:02 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð fundar 516 - til afgreiðslu
2. Skipting framlaga af fjárlögum til atvinnuráðgjafar - til afgreiðslu
3. Starfs- og rekstraráætlun 2023 - til afgreiðslu
4. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu
5. Lánamál - til kynningar
6. Framfylgd starfsáætlunar 2022 - til kynningar
7. Kynning á aflamarki Byggðastofnunar
8. Kynning á NorValue
9. Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð fundar nr. 516 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð fundar stjórnar nr. 516.

Engar athugasemdir komu fram um fundargerðina og bar formaður hana upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Skipting framlaga af fjárlögum til atvinnuráðgjafar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað til stjórnar frá forstöðumanni þróunarsviðs um skiptingu fjár til atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni árið 2023 sem SEÞ kynnti.

Á síðasta fundi stjórnar samþykkti stjórn tillögu um skiptingu á framlagi til atvinnuráðgjafar en lagði til að breytingin yrði milduð fyrsta árið þar sem stutt væri til áramóta. Í byrjun desember lagði meirihluti fjárlaganefndar til 40 m.kr. hækkun á framlaginu sem verður þá alls 244,4 m.kr. Það þýðir að ekkert einstakt framlag lækkar árið 2023 miðað við framlögin til samningsaðila árið 2022.

Lagt er til af þeirri ástæðu sem rakin er hér að framan að 244,4 m.kr. verði skipt að fullu eftir reiknireglunni sem kynnt var á stjórnarfund í nóvember án sérstakrar mildunar.

Skipting fjár til atvinnuráðgjafar í landsbyggðunum árið 2023 verði því í samræmi við töflu sem fylgir ofangreindu minnisblaði.

Til máls tóku MBJ, GP og AME. Spurt var út í hvort viðbrögð hefðu fengist við erindi sem sent var fjármála- og efnahagsráðuneytinu en engin viðbrögð hafa borist við því.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

3. Starfs- og rekstraráætlun 2023 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2023 sem var til kynningar á síðasta fundi. AME fór yfir þær breytingar sem höfðu orðið á áætluninni frá síðasta fundi.

Til máls tóku MBJ og KB.

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2023 og var hún samþykkt samhljóða.

4. Styrkir til meistaranema - til afgreiðslu

HDB kom inn á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur minnisblað HDB og forstöðumanns þróunarsviðs með tillögum að rannsóknarstyrkjum til meistaranema auk fundargerðar stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs frá 9. desember 2022.

Rannsóknarstyrkir eru veittir til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála. Skulu verkefni vera á sviði byggðapróunar og kostur er ef verkefni hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar. Stjórn Byggðarannsóknarsjóðs metur umsóknir og raðar í forgangsrið og leggur fyrir stjórn Byggðastofnunar sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.

Á fundi stjórnar Byggðarannsóknarsjóðs þann 9. desember 2022 var ákveðið að leggja til að veita styrki til eftirfarandi fjögurra rannsóknarverkefna:

Heiti verkefnis	Umsækjandi	Styrkupphæð
Til hvers eru sveitarfélög? Verkefni sveitarfélaga og svæðisbundin hlutverk þeirra, umfang og aðstaða	Bjarni Þóroddsson, Háskóla Íslands	250.000,-
Carrying capacity	Elizabeth Riendeau, Háskóla Vestfjarða	250.000,-
Upplifun heilbrigðisstarfsfólks af umönnun fórnarlamba mannskæðra náttúruhamfara á Íslandi	Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir, Háskólanum á Akureyri	250.000,-
Demographic characteristics in tourism municipalities in Iceland	Þórður Freyr Sigurðsson, University of Highlands and Islands	250.000,-

Til máls tóku MBJ og KB.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

HDB vék af fundi.

5. Lánamál - til kynningar

Fyrir fundinum liggja lánaákvörðanir lánanefndar frá síðasta stjórnarfundum auk fundargerða lánanefndar nr. 38/22-40/22 sem HP kynnti.

Til máls tóku MBJ, GP, MaH og AME.

6. Framfylgd starfsáætlunar 2022 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og reksturs stofnunarinnar 30. nóvember sl. sem SEP kynnti.

Til máls tóku ÓH, MBJ og MH.

7. Kynning á aflamarki Byggðastofnunar

PF og RR komu á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynntu aflamark Byggðastofnunar.

AME upplýsti að til staði að gera úttekt á verkefninu Brothættar byggðir þar sem 10 ár yrðu á næsta ári frá því verkefnið fór af stað. Hugsanlega væri tilefni til að gera viðlíka úttekt á aflamarki Byggðastofnunar.

Til máls tóku ÓH, HKH, JBÓ og AME.

PF og RR viku af fundi.

8. Kynning á NorValue

SKP kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti verkefnið NorValue, Bæredygtige værdikæder i nordiske kystsamfund. Um er að ræða norrænt rannsóknarverkefni á sjávarbyggðum í fjórum löndum sem Byggðastofnun og Háskólinn á Akureyri taka þátt í fyrir hönd Íslands.

SKP vék af fundi.

9. Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi - til kynningar

ÞB kom á fundinn ásamt starfsfólki Byggðastofnunar og kynnti nýútkomna bók *Byggðafesta og búferlaflutningar á Íslandi*.

HKH vék af fundi.

Til máls tóku ÓH, JBÓ, HDB, RR, SÁ, MaH, SEP og AME.

ÞB og starfsfólk Byggðastofnunar utan forstöðumanna viku af fundi.

10. Önnur mál

Frá forstjóra

AME sagði frá vinnustofum sem haldnar voru vegna stefnumótunar Byggðastofnunar 14. og 15. desember. Næstu vinnustofur eru áætlaðar í janúar eða febrúar á næsta ári.

Fyrirspurn til stjórnar vegna sölu fullnustueignar á Breiðdalsvík

Formaður upplýsti að fyrirspyrjanda hefði verið svarað og hann fengið þau gögn sem hann óskaði eftir.

11. Næsti fundur

Samkvæmt fundaráætlun stjórnar er næsti fundur 20. janúar 2023 og verður hann fjarfundur.

Ekki fleira gert og sleit formaður fundi kl. 12:54.

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson